



Reykjaneshöfn
Víkurbraut 11
230 Keflavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 22. september 2019
Tilv.: UMH19070022/20-1

Með bréfi, dags. 19. júlí 2019, veitti ráðuneytið Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf., kt. 590269-4099, sem rekstraraðila, undanþágu frá starfsleyfi vegna starfsemi við endurvinnslu/niðurrifs skipsins Orlik í Njarðvíkurhöfn að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Hringrás hf. er eigandi skipsins og úrgangshafi.

Meðfylgjandi er erindi VSÓ Ráðgjafar, dags. 20. september 2019, með ósk um breytingu á framangreindri undanþágu frá starfsleyfi vegna niðurrifs á togaranum Orlik hvað varðar staðsetningu framkvæmdarinnar. Fram kemur í erindinu að framkvæmdalýsing sé að mestu óbreytt en þó hafi verið gerðar breytingar á uppsetningu mengunarvarnabúnaðar. Verkefnið sé unnið í samráði við stjórn Reykjaneshafnar.

Óskað er eftir umsögn Reykjaneshafnar um framangreint erindi og að umsögn berist ráðuneytinu eins fljótt og auðið er en þó eigi síðar en 7. október nk.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir